



TILLAGA

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Arkarvogur 4, sérmerkt stæði fyrir hreyfihamlaðan einstakling

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

Að bifreiðastæði við Arkarvog 4 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaðan einstakling.

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.

Greinargerð:

Tillagan var samþykkt á fundi nefndar, sem fjallar um umsóknir um sérmerkt bílastæði hreyfihamlaðra í þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, 2. janúar 2023.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og samþykkt af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri

Hjálagt: Tillaga að staðsetningu á stæðinu við Arkarvog 4. Nánari útfærsla tekur mið af aðstæðum



Reykjavíkurborg

